



Upplýsingar til fjölmiðla
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÚTFLUTNINGSVERÐLAUN FORSETA ÍSLANDS

Útflutningsverðlaun forseta Íslands verða afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum á morgun, 19. apríl kl. 15:00. Formaður úthlutunarnefndar tilkynnir þá hvaða fyrirtæki hlýtur verðlaunin og forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson afhendir þau. Útflutningsverðlaunin eru ein helsta viðurkenning sem veitt er í íslensku atvinnulífi. Þá verður afhjúpað listaverk sem verðlaununum fylgir.

Fulltrúum fjölmiðla er heimilt að vera viðstaddir verðlaunaveitinguna. Æskilegt er að þeir mæti í tæka tíð og taki tillit til þess í klæðaburði að um hátíðlega athöfn er að ræða.

18. apríl 2007

19. apríl kl 10:00

Til fjölmiðla senda með tölvupósti:

Útflutningsverðlaun forseta Íslands

Minnt er á afhendingu Útflutningsverðlauna forseta Íslands á Bessastöðum í dag kl. 15:00 samkvæmt upplýsingum sem sendar voru fjölmiðlum í gær.